

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 313/2013

2013/EES/56/43

frá 4. apríl 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltækinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar (breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðlum IFRS 10, 11 og 12) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HIEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (1), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008(2) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Þann 28. júní 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. *IASB*) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, og IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* (breytingarnar), urðu til í kjölfar tillagna í birtingardrögum þess *Aðlögunarleiðbeiningar*, sem voru birtar í desember 2011. Markmiðið með breytingunum er að skýra tilgang Alþjóðareikningsskilaráðsins með fyrstu útgáfu á aðlögunarleiðbeiningum í IFRS-staðli 10. Breytingarnar verða einnig til þess að liðka fyrir aðlöguninni, að því er varðar IFRS-staðal 10, IFRS-staðal 11 og IFRS-staðal 12, þar eð krafan um að leggja fram samanburðarupplýsingar á einungis við um næstliðið samanburðartímabil. Enn fremur hafa breytingarnar í för með sér, að því er varðar upplýsingagjöf um sérsniðnar einingar, sem ekki eru í samstæðureikningi, að krafan um að leggja fram samanburðarupplýsingar fyrir fyrstu beitingu IFRS-staðals 12, er felld niður.
- 3) Breytingarnar á IFRS-staðli 11, fela í sér tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem ekki er hægt að beita nú þar sem IFRS-staðal 9 hefur ekki enn verið samþykktur af Sambandinu. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 95, 5.4.2013, bls. 9. Hennar var getið í ákvæðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjóð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Stjóð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

4) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

- a) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- b) IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,
- c) IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* er breytt í samræmi við IFRS-staðal 11 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- d) IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2014 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

forseti.

José Manuel BARROSO
